

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Eiðsstaða í Blöndudal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/206

Forsíðumynd: Gamli vegurinn upp á Kjöl, horft í norður.



© Guðný Zoëga/Bryndís Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2018/206

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðafræði.....	3
Eiðsstaðir-söguágrip.....	5
Fornleifaskrá.....	6
Niðurstöður.....	15
Hættumat	15
Lokaorð.....	16
Heimildaskrá	17
Hnitaskrá	18
Yfirlitsteikning af minjum.....	19

Inngangur

Vorið 2018 vann Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu fyrir Landsvirkjun á jörðinni Eiðsstöðum í Blöndudal. Skráningin var unnin vegna væntanlegrar skógræktar í landi jarðarinnar. Vettvangsferð var farin í Eiðsstaði þann 31.05.2018. Blönduvirkjun er í landi jarðarinnar og hafði fornleifaskráning farið fram í línuleið Blöndulínu 3 frá virkjuninni í gegn um Eiðsstaða land.

Eiðsstaðir eru innarlega í vestanverðum Blöndudal. Í landi jarðarinnar er Blöndustöð og önnur mannvirki tengd virkjuninni. Land jarðarinnar nær upp á Auðkúluheiði að vestan og er afmarkað að Blöndu að austan. Landsvirkjun lagði til loftmynd og gögn um skógræktarsvæðið. Að beiðni verkkaupa voru einungis skráðar minjar neðan við 300m hæðarlínu þar sem ekki var ætlunin að planta skógi ofan hennar. Að öðru leyti var land jarðarinnar skráð að fullu.¹ Skógi hefur verið plantað í hluta svæðisins í norðanverðu landi Eiðsstaða og var það skoðað eins vel og hægt var.

Skráningin var unnin af Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga, landfræðingi.

Heimildamaður var Guðrún Guðmundsdóttir, bóndi á Guðlaugsstöðum.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 1931.

¹ Hluti jarðarinnar ofan 300m línunnar, austurbakki Blöndulóns, var skráður vegna framkvæmda. Upplýsingar má finna á bls. 12 og 13 í rannsóknaskýrslu Byggðasafns Skagfirðinga Bsk 2013-131, sem finna má á á vefslóðinni: <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2012-131-fornleifaskraning-a-veituleid-blonduvirkjunar.pdf>

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...]“

„Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnaúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

bæjarstæði Eiðsstaða raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar (1931-1). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. skógrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við hvort minjarnar voru inni á skipulögðum skógræktarsvæðum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmynd sem sýnir legu minja er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Eiðsstaðir-söguágrip




Mynd 1. Horft til vesturs upp að bæ og útihúsum á Eiðsstöðum. Gamli bærinn var hægra megin við núverandi íbúðarhús sem var byggt 1956.

Jarðarinnar er fyrst getið í jarðaskiptabréfi frá 1392/93 (DI, III, bls. 481). Eiðsstaðir voru í hinum forna Svínavatnshreppi en tilheyra nú Húnavatnshreppi. Jörðin var að fornu metin á 20 hundruð (JÁM og J.J. 237) en með nýju jarðamati 1861 var það hækkað í 23,4 hundruð (Ný Jarðabók, bls.95).

Í manntali 1703 eru sjö til heimilis að Eiðsstöðum, hjónin Jón Bjarnason og Sesselja Sigurðardóttir ásamt fimm börnum þeirra (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Árið 1816 er tvíbýli á Eiðsstöðum og er svo fram undir 1880 en eftir það er einbýli fram yfir 1910 en 1920 jörðin aftur orðin tvíbýl (Jarðavefur Þjóðskjalasafns).

Bærinn fór í eyði um miðjan 10. áratuginn.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Myndin sýnir legu minja á bæjarstæði og heimatúni Eiðsstaða.

Eiðsstaðir 1931-1

Sérheiti: Eiðsstaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er gamli bærinn sýndur fyrir miðju túni og sunnan við hann kálgarður. Bærinn stóð um 20m norður af núverandi íbúðarhúsi. Þarna hefur nú verið sléttað og engir veggir greinanlegir. Sjá mynd 2.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-18 segir „Bæjar og geymsluhús úr torfi og timbri, all stór, en gömul og meira og minna gölluð“. Núverandi íbúðarhús var reist 1956 (Húnavaka II, bls. 233).

Eiðsstaðir 1931-2

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er gamli bærinn og sunnan við hann kálgarður. Svæðið hefur verið sléttað og ekkert sést af kálgarðinum.

Aðrar upplýsingar



Mynd 3. Horft til norðausturs eftir götu [1931-19] að gamla Eiðsstaðabænum [1931-1] sem lá á sléttuðu flötinni ofan við fjárhúsin. Þar var einnig matjurtagarður [1931-2]. Fjárhús [1931-25] voru á sama stað og núverandi fjárhús.

Í fasteignamati frá 1916 segir að matjurtagarðurinn sé nýtekinn til ræktunar og að hann hafi verið 50 ferfaðmar. Sjá mynd 3.

Eiðsstaðir 1931-3

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Túnið liggur á móti norðaustri. Miðhluti túnsins er hallalítið en bratt neðst og efst. Gerði heitir syðst og neðst í túninu. Þar standa fjárhús“. Sjá mynd 2.

Lýsing

Húsunum hefur nú verið rutt um og sjást engin ummerki þeirra önnur en sléttur flötur sunnan lækjar sem rennur í skurði um túnið.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti Eiðsstaða eru tvö útihús merkt með krossi í suðurhluta túnsins. Líklega er þar um að ræða fjárhús sem getið er í örnefnaskrá og hafa þau e.t.v. verið tvö fremur en eitt. Sunnarlega í

túninu eru tvö slétt svæði sem gætu bæði hafa verið undan útihúsum en engin ummerki þeirra fundust þó. Hnitin sem fylgja í hnitaskrá gætu því verið með um 20m skekkju. Vestara húsið er skráð undir númerinu 1931-22 hér að neðan.

Eiðsstaðir 1931-4

Sérheiti: Brunnhúsvöllur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Brunnhúsvöllur, neðan við götu, sem liggur suður og upp frá bænum“.

Aðrar upplýsingar

Neðan við götu sem enn er greinileg á ská til suðurs upp frá bænum eru beðasléttur en engin ummerki brunns. Þarna er hinsvegar skurður sem grafinn hefur verið til að leiða vatn í burtu frá beðasléttunum suður fyrir þær. Vera kann að brunnur hafi verið á svipuðum slóðum þar sem að vatn kemur þarna undan brekkunni. Skurðurinn er alls 37m langur frá norðvestri til suðausturs þar sem hann beygir niður túnið til austurs.



Mynd 4. Hleðsla og skurður [1931-4] sem leiða vatn burtu úr brekkunni ofan bæjar.

Eiðsstaðir 1931-5

Hlutverk: Fjárhús, rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Hóll, upp undan bænum, hár og brattur að austan, en sléttur að ofan. Þar standa fjárhús og rétt“. Sjá mynd 2.

Lýsing

Búið er að ryðja minjunum um og ekki hægt að greina útlínur eða veggi. Stórgrýti var á víð og dreif efst á hólnum og mishæðir og þar var gróður grænni en umhverfis. Annars var ekkert sem benti til minjanna.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir húsin hafa verið úr torfi og grjóti.

Eiðsstaðir 1931-6

Hlutverk: Kvíar?

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 2) segir: „Kvíáas, norður frá Hólnum efsti í túninu“.

Lýsing

Engin ummerki fundust um Kvíarnar.

Eiðsstaðir 1931-7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Hesthústún heitir norðast í túninu. Þar stóð lengi hesthús, en er nú rífið“. Sjá mynd 2.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru merkt með krossi útihús nyrst í túni og vera kann að þar hafi hesthúsið staðið. Engin ummerki þess sjást þó nú. Hnit voru tekin með því að leggja túnakort yfir loftmynd og búast má við um 20m skekkju.

Eiðsstaðir 1931-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot liggja á flata um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Sjá mynd 6.

Lýsing

Vestasta tóftin liggur norður-suður um 10m löng og 4m að utanmáli. Gæti hafa verið tvískipt. Tóftin er grasi gróin, mjög jarðsokkin og veggir óglöggir. Veggjahæð var mest um 40cm og veggjaþykkt 70cm.

Aðrar upplýsingar



Mynd 5. Mynd 6. Horft til austurs yfir svæðið sem tóftir [1931-8-10,12], garður [1931-11] og gata [1931-13] liggja. Tóftasvæðið er fyrir miðri mynd, á sléttri flöt ofan brekkubrúnar.

Tóftin var skráð á vettvangi þegar minjar í væntanlegri línuleið Blöndulínu voru skráðar 2008 [nr. HV-249:021B]. Engar heimildir eru til um tóftirnar og heimildamaður kannaðist ekki við þær. Þarna gætu hafa verið stekkir eða jafnvel heytóftir, þar sem að tóftirnar liggja í ágætu slægjalandi.

Eiðsstaðir 1931-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot voru á sléttri flöt í brekku um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Um 3m m norður af tóft [1931-8] var önnur tóft. Sjá mynd 6.

Lýsing

Tóftin hefur legið norður-suður og virðist hafa verið opin til suðurs. Að utanmáli var hún um 6m löng og 5m breið. Veggir voru hinsvegar mjög jarðsokknir og óljósir, vaxnir grsi. Veggjahæð var mest um 40cm og veggjaþykkt 70cm.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var ekki skráð á vettvangi þegar minjar í væntanlegri línuleið Blöndulínu voru skráðar 2008 en þá hefur gróður líklega verið meiri. Engar heimildir eru til um tóftirnar og heimildamaður kannaðist ekki við þær. Þarna gætu hafa verið stekkir eða jafnvel heytóftir, þar sem að tóftirnar liggja í ágætu slægjulandi.

Eiðsstaðir 1931-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot voru á sléttri flöt í brekku um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Svæðið er mjög stórpýft og mótað af vatnsaga og tóftirnar því mjög óglöggar. Tvær tóftanna liggja frammi á brekku brún, austast á flatanum. Sjá mynd 6.

Lýsing

Nyrðri tóftin var minni um 5x3m að utanmáli og hefur legið norður-suður. Veggir voru grasi grónir, mjög jarðsokknir og óglöggir en dyr hafa mögulega verið við norðvesturhorn. Tóftin var um 6m að lengd og um 3m að breidd að utanmáli. Veggjahæð var mest um 70cm og veggjabyggt 1m. Tóftin gæti hafa verið hluti af tóft [1931-11] en vatnsrás sem liggur milli tóftanna gæti hafa rofið þær. Þetta verður þó ekki fullýrt.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var skráð á vettvangi þegar minjar í væntanlegri línuleið Blöndulínu voru skráðar 2008 [nr. HV-249:021A]. Engar heimildir eru til um tóftirnar og heimildamaður kannaðist ekki við þær. Þarna gætu hafa verið stekkir eða jafnvel heytóftir, þar sem að tóftirnar liggja í ágætu slægjulandi.

Eiðsstaðir 1931-11


Hlutverk: Óþekkt/stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot liggja á sléttri flöt í brekku um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Svæðið er mjög stórpýft og mótað af vatnsaga og tóftirnar því mjög óljósar. Sjá mynd 6.

Lýsing



Mynd 7. Afstöðuteikning sem sýnir tóftir [1931-8-13].

Tvær tóftanna liggja frammi á brekku brún, austast á flatanum. Syðri tóftin lá norður-suður um 9m löng og 5m breið. Veggir voru mjög jarðsokknir og óglöggir en tóftin gæti hafa verið tvískipt. Tóftin gæti hafa verið hluti af tóft [1931-10] en vatnsrás sem liggur milli tóftanna gæti hafa rofið þær. Þetta verður þó ekki fullyrt.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var skráð á vettvangi þegar minjar í væntanlegri línuleið Blöndulínu voru skráðar 2008 nr. [HV-249:021A]. Engar heimildir eru til um tóftirnar og heimildamaður kannaðist ekki við þær. Þarna gætu hafa verið stekkir eða jafnvel heytóftir, þar sem að tóftirnar liggja í ágætu slægjalandi.

Eiðsstaðir 1931-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot liggja á sléttri flöt í brekku um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Sjá mynd 6.

Lýsing

Garður eða garðbrot er 9m suður af tóft [1931-11]. Hleðslan liggur í boga og er augljós á um 5m löngum kafla frá norðri til suðurs og svo á 6m löngum kafla til austurs. Á þessum kafla er garðurinn um metri á breidd og allt að 70cm á hæð. Óljóst framhald virðist vera á um 14m löngum kafla til austurs en þar er svæðið mjög þýft og augljós merki vatnsaga svo það verður ekki fullyrt.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk garðsins er óþekkt en hafi tóft [1931-11] verið stekkur, kann þetta að hafa verið leiðigarður að henni.

Eiðsstaðir 1931-13

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Fjórar óglöggar tóftir og garðbrot liggja á flata um 1,3km norður af bæjarstæði Eiðsstaða og um 120m neðan við tún austan við vegamót þar sem núverandi Kjalvegur (35) liggur upp frá veginum að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Sjá mynd 6.

Lýsing

Augljós gata liggur um tóftasvæðið frá norðri til suðurs. Gatan er um 30cm djúp sumstaðar, nokkuð niðurgráfin.

Aðrar upplýsingar

Óljóst er hvort gatan hefur tengst notkun tóftanna eða er seinni tíma fjárgata.



Mynd 8. Gata [1931-13]. Horft í suður.

Eiðsstaðir 1931-14

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Rétt?

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Í úthaga eru þessi örnefni helzt: Rani, sunnan við Gilsárgil neðst. Réttarklettur, þar í bakkanum við Blöndu“.

Aðrar upplýsingar

Engar óbyggjandi leifar réttar fundust við skráninguna og heimildamaður kannaðist ekki við rétt þarna. Óljósar hleðsluleifar voru mældar upp á suðurbakka Gilsár, rétt um 40m neðan þjóðvegur en óvíst er að þær hafi tilheyrt réttinni.



Mynd 9. Hleðsluleifar [1931-14] á suðurbakka Gilsárgils. Horft í norður.



Mynd 10. Horft til norðurs út Blöndudal eftir gamla Kjalveginum [1931-15], ruddum vegi sem liggur í hlíðinni ofan bæjarstæði Eiðsstaða.

Eiðsstaðir 1931-15

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir

Gamli vegurinn upp á Kjöl er enn greinanlegur þar sem hann liggur upp frá heimreiðinni um 270m norður af bæjarhúsum á Eiðsstöðum.

Staðhættir

Ruddur vegur liggur í hlykkjum up hlíðina utan og ofan við Eiðsstaðabæ upp að og í gegn um skarð sunnan Bæjarássins. Vegurinn sést á um

kílómetra löngum kafla innan skráningarsvæðisins.

Eiðsstaðir 1931-16

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á klettaási um 260m norðaustur af virkjana-húsum í Blönduvirkjun, eru tvær litlar vörður.

Lýsing

Nyrðri varðan er um 50cm á hæð.



Mynd 11. Varða neðan Blöndustöðvar [1931-16]

Eiðsstaðir 1931-17**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðhættir**

Á klettaási um 260m norðaustur af virkjanahúsum í Blönduvirkjun, eru tvær litlar vörður.

Lýsing

Syðri varðan er lág hleðsla, um 60cm á hæð.



Mynd 12. Varða neðan Blöndustöðvar [1931-17]

Eiðsstaðir 1931-18**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðhættir**

Hrunin varða liggur á klettakolli á vesturbakka Blöndu um 670m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi á Eiðsstöðum.

Lýsing

Varðan hefur verið hlaðin ofan á stóran náttúrustein. Hún er nánast að fullu hrunin.



Mynd 13. Hrunin varða [1931-18] á vestur bakka Blöndu.

Eiðsstaðir 1931-19**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 1) segir: „Brunnhúsvöllur, neðan við götu, sem liggur suður og upp frá bænum“. Sjá mynd 3.

Lýsing

Gatan er enn vel greinanleg og liggur skáhallt upp brekkuna ofan við núverandi íbúðarhús.

Eiðsstaðir 1931-20**Hlutverk:** Beðasléttur**Tegund:** Jarðvinnsla**Staðhættir**

Neðst í brekkunni ofan og sunnan núverandi bæjarhúss eru unnar beðasléttur.

Lýsing

Beðaslétturarnar eru vel greinanlegar á loftmynd en þær eru ógleggri á vettvangi. Svæðið er um 100m langt frá norðri til suðurs og um 45m frá austri til vesturs.

Eiðsstaðir 1931-21**Hlutverk:** Skotbyrgi**Tegund:** Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 2) segir: „Skothúshæð, um miðjan Stórahvammsbarm“.

Aðrar upplýsingar

Engar leifar um skotbyrgi fundust við vettvangskönnun og heimildamaður, Guðrún Guðmundsdóttir, kannaðist ekki við þetta örnefni.

Eiðsstaðir 1931-22

Hlutverk: Refagildra?

Staðhættir

Í örnefnaskrá Eiðsstaða (bls. 3) segir: „Gildruhóll, sunnarlega í Grjótás“.

Aðrar upplýsingar

Engar leifar um gildru fundust og heimildamaður, Guðrún Guðmundsdóttir, kannaðist ekki við þetta örnefni.

Eiðsstaðir 1931-23

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Heimild

„Hrísrif tekur að þverra, en er þó nýtt enn nú til kolgjörðar og eldiviðar“. (Jarðabók)

Aðrar upplýsingar

Engar kolagrafir fundust við skráninguna.

Eiðsstaðir 1931-24

Hlutverk: Útihús, fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru peningshús sýnd á 6 stöðum í túni. Eitt húsanna er sýnt um 60m suður af bæjarhúsunum. Þarna hefur nú allt verið sléttað og ekkert að sjá á yfirborði. Hnit voru tekin með því að leggja túnakort yfir loftmynd og búast má við um 20m skekkju.

Eiðsstaðir 1931-25

Hlutverk: Útihús, fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru peningshús sýnd á 6 stöðum í túni. Hús er sýnt á svipuðum stað og núverandi útihús standa. Þau eru nú horfin með öllu.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Guðrún Guðmundsdóttir, mundi eftir fjárhúsum úr torfi og grjóti á svipuðum stað og núverandi hús standa. Hnit voru tekin með því að leggja túnakort yfir loftmynd og búast má við um 20m skekkju.

Eiðsstaðir 1931-26

Hlutverk: Útihús, fjárhús

Staðhættir

Tegund: Heimild

Á túnakorti frá 1920 eru peningshús sýnd á 6 stöðum í túni. Tvö húsanna voru syðst í túni. Austara húsið er hér að ofan talið sem fjárhúsin [1931-3] sem sögð eru á svokölluðu Gerði, syðst í túni.

Aðrar upplýsingar

Sunnarlega í túninu eru tvö slétt svæði sem gætu bæði hafa verið undan útihúsum en engin ummerki þeirra fundust þó. Hnit voru tekin með því að leggja túnakort yfir loftmynd og búast má við um 20m skekkju.

Niðurstöður

Allt land Eiðsstaða neðan við 300m hæðarlínu var gengið og minjar sem fundust mældar upp. Alls voru 26 minjar skráðar á Eiðsstöðum, bæði á vettvangi og úr heimildum. Af þeim voru 12 (46%) horfnar eða fundust ekki. Allar minjarnar voru hefðbundnar landbúnaðarminjar og engar leifar fundust sem teljast mega til elstu byggðar.

Í heimatúni voru allar minjar horfnar nema gata [1931-19], beðasléttur [1931-20] og skurður [1931-4]. Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum og öllum útihúsatóftum í túni. Óvíst er hvort þessar minjar eru 100 ára og teljist til fornleifa en þær eru einu merkin um fyrri landnotkun og búskaparhætti í túni og því eru þær hafðar með í skýrslunni.

Einu tóftirnar [1931-8,9,10,12] sem skráðar voru lágu utan túna, á sléttri flöt neðan vegar um 1,3km norður af bænum. Þær tóftir voru mjög óglöggar og jarðsokknar og höfðu augljóslega skemmst vegna vatnsaga og jarðvegsskriðs sem er mikið í brekkunum. Það var því erfitt að meta hvort tóftirnar væru jarðsokknar vegna hás aldurs eða umhverfispáttá. Þar sem lögun tóftanna var óljós er óvíst hvaða tilgangi þær þjónuðu. Þarna gæti hafa verið stekkjað og garðlag sem liggur við tóftirnar gæti hafa verið leiðigarður að stekk. Hinsvegar gætu tóftirnar líka verið heytóftir eða jafnvel haft einhvern annan tilgang.

Utan túna voru einnig skráðar skráðar þrjár vörður [1931- 16, 17, 18], og eitt hleðslubrot [1931-14].

Hættumat

Hættumat er gefið upp í hnitatöflu aftast í skýrslunni og eru minjar innan skilgreindra ræktunarreita sagðar í hættu eða mikilli hættu. Engin hætta er metin þar sem minjar eru horfnar eða finnast ekki. Undantekning frá því eru þó leifar bæjarhólsins þar sem reikna má með að í honum finnist leifar eldri bæjarmannvirkja, þrátt fyrir að sléttað hafi verið úr honum.

Á blaðsíðu 20 í ræktunaráætlun Skógræktarinnar³ er kort sem sýnir svæðin sem áætlað er að gróðursetja í árin 2018-2022. Engar minjar eru inni á svæðunum sem þar eru sýnd. Hinsvegar eru þar einnig númeraðir reitir sem ætlunin er að verði gróðursett í síðar. Leifar gamla bæjarhólsins og brekkan ofan hans [minjar 1931-1,2,4,19] lenda inni á reit 17 og minjar utan

³ <http://gogn.lv.is/files/2017/2017-124.pdf>

túna [1931-8-13] lenda inni á reitum **130, 131, 133, 134** (sjá bls. 22 í ræktunaráætlun). Tryggja þarf að minjunum sé ætlað nægjanlegt svæði innan skógræktarinnar og ekki plantað í eða við þær.

Lokaorð

Þó svo að skráning hafi farið fram má alltaf vænta þess að minjar kunni að koma í ljós við framkvæmdir. Skógi hefur t.d. verið plantað í hluta svæðisins og kunna þar að leynast minjar sem ekki komu fram við vettvangsskráningu. Einnig kunna minjar að leynast neðanjarðar þó svo að ekkert sjáist á yfirborði. Ef minjar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákveður frekar til hvaða aðgerða skuli gripið þeim til verndunar.

Heimildaskrá

Bergsveinn Þórsson og Johan Holst 2017. *Ræktunaráætlun fyrir Blönduvirkjun í landi Eiðsstaða*. Reykjavík: Landsvirkjun, LV-2017-124

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. 2012. *Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar*. Byggðasafn Skagfirðinga 2012/131.

(DI) *Diplomatarium Islandicum*. Íslenskt fornbréfasafn, 3. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Eva Kristín Dal (ritstj.) 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

(JÁM) Húnaþing II. Siguður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.) Búnaðarsamban Austur-Húnavetninga.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Húnavatnssýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. 1926.

(JJ) *Jarðatal á Íslandi 1847*. J. Johnsen, skráði. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Örnefnaskrá Eiðsstaða. Skrásetjari ókunnur. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Heimasíða Alþingis. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 19.05.18.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Aðgengilegt á vefnum:

[http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=Ei%C3%B0ssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=Ei%C3%B0ssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816). (Skoðað þann 13. Apríl 2018).

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamat. Aðgengilegt á:

<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Fasteignamat+1916-1918+-+undirnat%3BA-H%FAnavatnss%FDsla&printNumber=0056vv> (Skoðað þann 29. maí 2018)

Tafla 1. Hnitatafla fyrir minjar á Eiðsstöðum, Blöndudal.

Nr.	Dags.	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættuorsök	Reitur. nr	Austun	Norðun
1931-1	31.05.18	heimild	híbýli	800	sést ekki	sléttunar	mikil hætta	trjárækt	17	462975	545900
1931-2	31.05.18	heimild	matjurtagarður	1900-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta		17	462975	545900
1931-3	31.05.18	heimild	fjárhús	1800-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta			463138	545772
1931-4	31.05.18	niðurgroftur	vatnsból	1700	vel greinanleg		mikil hætta	trjárækt	17	462946	545793
1931-5	31.05.18	heimild	fjárhús, rétt	1800-1990	sest ekki	sléttunar	hætta	trjárækt	17	462894	545832
1931-6	31.05.18	heimild	kvíar	1800-1950	minjar fundust ekki við skráningu						
1931-7	31.05.18	heimild	peningshús	1800-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta			463138	545772
1931-8	31.05.18	tóft	óþekkt	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462948	547288
1931-9	31.05.18	tóft	óþekkt	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462952	547293
1931-10	31.05.18	tóft	óþekkt	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462962	547287
1931-11	31.05.18	tóft	óþekkt	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462962	547278
1931-12	31.05.18	hleðsla	garður	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462958	547261
1931-13	31.05.18	tóft	gata	800-1900	greinanleg		mikil hætta	trjárækt	130-34	462955	547317
1931-14	31.05.18	hleðsla	óþekkt, rétt	800-1900	illgreinanleg		hætta	trjárækt		462831	548331
1931-15	31.05.18	gata	leið	1800-1970	vel greinanleg		mikil hætta	trjárækt	25,29,23	462589	545612
1931-16	31.05.18	varða	kennimark	800-1980	heillegar		mikil hætta	trjárækt		462212	546737
1931-17	31.05.18	varða	kennimark	800-1980	heillegar		mikil hætta	trjárækt		462205	546772
1931-18	31.05.18	varða	kennimark	800	vel greinanleg		engin hætta			463340	546447
1931-19	31.05.18	gata	leið	1700-1900	vel greinanleg		mikil hætta	trjárækt	17	462942	545823
1931-20	31.05.18	jarðvinnsla	beðaslétta	1900-1970	vel greinanleg		mikil hætta	trjárækt	17	462974	545826
1931-21	31.05.18	heimild	skotbyrgi	1800-1970	minjar fundust ekki við skráningu						
1931-22	31.05.18	heimild	refagildra	1800-1970	minjar fundust ekki við skráningu						
1931-23	31.05.18	heimild	kolagrafir	800-1900	minjar fundust ekki við skráningu						
1931-24	31.05.18	heimild	peningshús	1800-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta			463138	545772
1931-25	31.05.18	heimild	peningshús	1800-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta			463138	545772
31-26	31.05.18	heimild	peningshús	1800-1970	sést ekki	sléttunar	engin hætta			463138	545772

Yfirlitsteikning af legu minja í
landi Eiðsstaða, Blöndudal

